

[Smelltu hér til að skoða þetta fréttabréf í vafra](#)

Fréttabréf

Janúarútgáfa

40. árg 1. tbl.
Janúar 2025



FÉLAG ÍSLENSKRA
NÁTTÚRUFRÆÐINGA

Aðalfundur 2025

Stjórn FÍN hefur ákveðið að halda aðalfund félagsins þann 27. mars 2025 næstkomandi, klukkan 17:00 í Borgartúni 27. Félagsfólk er hvatt til þess að taka frá þennan tíma og mæta á aðalfund félagsins.

Bæði verður um stað- og fjarfund að ræða en formlegt fundarboð verður sent út í næsta fréttabréfi.



Hvar skyldi þessi mynd vera tekin? Svarið er hvergi.

Framboðsfrestur til embætta og trúnaðarstarfa

Það félagsfólk sem vill gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á næsta aðalfundi FÍN 2025 skal tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir 1. febrúar næstkomandi. Upplýsingar um hverjir sitja í embættum eða trúnaðarstörfum á vegum félagsins er að finna á [vef félagsins](#).

Kosið verður um alls níu sæti í stjórn FÍN, stöðu varaformanns og átta stjórnarmanna. Flestir sitjandi stjórnarmenn munu gefa kost á sér í embætti á ný á komandi aðalfundi

Varaformaður í endurkjöri: Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Stjórnarfólk í endurkjöri:

- Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
- Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg
- Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Margrét Geirsdóttir, Matís
- Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Una Bjarnadóttir, Alvotech
- Sigrún Laufey Sigurðardóttir, LSH

Þá verður einnig kosið í Kjaradeildusjóð og Siðanefnd og er hægt að bjóða sig fram í eftirfarandi trúnaðarstöður:

Siðanefnd FÍN: Aðalmenn, tvö sæti og eitt sæti varamanns.

Tilkynna framboð

Lagabreytingatillögur

Tillögur félagsfólks um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar nk. og skal félagsfólk senda inn lagabreytingartillögur á netfangið fin@fin.is.

Félagsfólk er hvatt til að kynna sér [lög félagsins](#), [reglur Kjaradeilusjóðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#).

Senda inn
lagabreytingatillögur

Pistill formanns



Kæru félagar.

Ég vona að nýtt ár hafi byrjað vel hjá ykkur og óska ykkur gleðilegs árs, já og takk fyrir þau gömlu!

Þess má geta að við erum nú einum fleiri á skrifstofunni en venjulega en á síðasta ári var ráðinn starfsmaður til tveggja ára, Siggeir F. Ævarsson, til að sinna ýmsum verkefnum sem við höfum ekki getað sinnt

Subscribe	Past Issues	Translate ▼
okkar að við höfum staðið í kjaraviðræðum í rúmt ár og loksins virðumst við vera að komast fyrir vind með kjarasamninga á opinberum markaði. Launahækkanir sem samið hefur verið um á vinnumarkaði næstu árin eru að lágmarki 3,5% eða 23.750 kr. sem er hærra en verðbólguþáttur. Verðbólga er að hjaðna og það eru töluverðar líkur á því að hún fari nokkuð hratt niður sé horft til spár Seðlabanka Íslands og núverandi stöðu í Evrópu. Við virðumst vera að sigla inn í samningstímabil sem mun standa til 31. mars 2028 og miðað við ofangreint þá eru ekki miklar líkur á forsendubresti eða uppsögn kjarasamninga. Félagið mun halda áfram gerð kjarasamninga á þessu ári við aðra aðila og samhliða því þarf að endurskoða marga stofnanasamninga hjá ríkinu, finna leið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að innleiða C störf inn í starfsmat, ná samningum um náttúrustofur og innleiða störf hjá Reykjavíkurborg inn í starfsmat. Einnig var gengið frá nokkrum bókunum með kjarasamningum sem þarf að leysa úr á samningstímabilinu. Þessu til viðbótar þarf að endurskoða alla tengisamninga (þeir sem fylgja kjarasamningum ríkisins) og aðra lausa kjarasamninga. Jafnframt þarf að endurskoða kjarasamning aðildarfélaga BHM við Samtök atvinnulífsins (SA) og á næstu vikum mun félagið hefja undirbúningsvinnu með öðrum félögum innan BHM vegna þeirrar endurskoðunar. Okkur er verulega annt um að vera í góðum tengslum við félagsfólk og við á skrifstofunni höfum hafið vinnu við að undirbúa vinnustaðafundi. Umræðuefni hvers fundar fer eftir hverjum og einum vinnustað en nánar er fjallað um þessar heimsóknir síðar í fréttabréfinu. Í ljósi þess að ný ríkisstjórn hefur kallað eftir hagræðingaraðgerðum þá læðist að		
fagfélög sem félagsfólk FÍN er í, hitta forsvarsfólk þeirra og finna samstarfsvettvang okkur í millum. Hann sinnir einnig mörgum öðrum verkefnum sem snúa meðal annars að samfélagsmiðlum og vinnur að því að undirbúa gerð nýrrar vefsíðu FÍN sem við vonumst eftir að geta kynnt á næsta aðalfundi FÍN sem verður 27. mars. Á aðalfundi FÍN munum við þurfa að taka afstöðu til þess hvað félagið á að heita, sem er framhald umræðu frá síðasta aðalfundi. Ég hef starfað hjá félaginu í rúm 18 ár og er enn þeirrar skoðunar að nafn og merki FÍN sé fallegt og hafi staðist tímans tönn. Ég mun því á næsta aðalfundi félagsins leggja til að framvegis muni félagið heita FÍN. Þau sem þekkja félagið vita fyrir hvað FÍN stendur og ég held að mörgum þyki vænt um það eins og mér. Ég hef einnig fulla trú á því að við getum haldið áfram að kynna FÍN fyrir fleira fólk og að félagið verði fyrsti valkostur í hugum háskólamenntaðra. Nú eru liðin hartnær níu ár síðan ég tók fyrst við stöðu formanns FÍN, en hef starfað fyrir félagið í rúm átján ár. Þessi ár hafa flogið áfram og mér finnst eins og fyrsti dagurinn hafi verið í gær. Með hverju árinu hefur vilji minn eflst til vinna að bættum réttindum og kjörum félagsfólks og er full eldmóði að halda áfram því starfi sem ég hef svo mikla unun af að sinna. Svo mér sé unnt að bjóða áfram fram krafta mína, í ykkar þágu, þá þarf að breyta lögum félagsins hvað varðar þann fimm skipta hámarksfjölda sem unnt sé að kjósa formann. Mun því á næsta aðalfundi vera lögð fyrir lagabreytingartillaga sem fellir niður þann hámarkstíma sem formaður getur setið, svo félagsfólk geti haft áhrif á það hvort ég geti boðið mig fram áfram á aðalfundi félagsins 2026 eður ei.		

Subscribe	Past Issues	Translate ▼
-----------	-------------	-------------

mögulega verða enn fleiri stofnanir sameinaðar eða jafnvel lagðar niður. Við munum eins og áður standa vaktina og fylgjast með því sem gerist á Alþingi og gæta hagsmuna okkar félaga. Mikilvægt er að minna á að ef félagsfólki sé gert að hlíta breytingum á starfi þá er æskilegt að leita sér strax ráðgjafar á skrifstofu FÍN.

Það er því ljóst að verkefni eru ærin og því mun ekki skorta verkefni á skrifstofu FÍN á þessu ári.

embætti og/eða senda inn lagabreytingatillögur fyrir 1. febrúar nk.

Ég vona að komandi ár verði okkur öllum til heilla og að við hjá FÍN getum áfram verið ykkar bakhjarlar þegar þið þurfið á aðstoð okkar að halda. Það er og verður alltaf eitt af okkar mikilvægustu verkefnum.

**FÍN-ustu kveðjur frá formanni FÍN,
Maríanna H. Helgadóttir**



Norðurljós á fallegu vetrarkvöldi, eins og gervigreindin sér þau fyrir sér

Greinar

„Virkar“ vinnustundir



Dómur Hæstaréttar og bókun 5 í nýsamþykktum kjarasamningi

Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN, tók saman.

Ágreiningur um greiðslur fyrir ferðatíma hefur ríkt til margra ára

Til lengri tíma hafa verið ákveðin skoðanaskipti um ferðatíma, þ.e. sá tími sem starfsfólk ver í ferðalög utan hefðbundins vinnustaðar eða fastrar starfsstöðvar í því skyni að inna af hendi störf eða skyldur fyrir hönd vinnuveitanda, og hvernig skuli telja slíkan tíma í tengslum við vinnutíma. Þessi skoðanaskipti hafa bæði verið vegna ferða innanlands sem og erlendis þó ágreiningur hafi fyrst og fremst vaknað þegar um ferðir til annarra landa er að ræða. FÍN hefur ávallt haldið því fram að ferðatími teljist til vinnutíma.

Ágreiningur vaknaði milli Flugvirkjafélags Íslands og ríkisins vegna ferða flugvirkja

Ferðatími er vinnutími

Lagði Hæstiréttur til grundvallar að ferðatími til vinnu utan venjulegs vinnutíma til annars áfangastaðar en fastrar starfsstöðvar teljist vinnutími og ekki skipti máli hvort ferðast sé innan eða utan EES-svæðisins. Teljist því ferðatími starfsfólks í vinnuferðum á vegum vinnuveitanda til vinnutíma.

Við gerð nýsamþykktis kjarasamnings var vinnuviku starfsfólks í fullu starfi endanlega breytt úr 40 vinnuskyldustundum í 36 „virkar“ stundir. Var sú vinna hluti af verkefninu við að innleiða „Betri vinnutíma“ í texta kjarasamninga og fella á brott fylgiskjöl um sama efni. Meðal annars vegna framangreinds dóms Hæstaréttar þá voru miklar umræður um hugtakanotkunina „virkar“ vinnustundir og hvernig bæri að skilja slíkt til samræmis við dóm Hæstaréttar, enda samrýmist hugtakið „virkur“ vinnutími illa að niðurstöðu

Subscribe	Past Issues	Translate ▼
-----------	-------------	-------------

Noregi á árinu 2017 þá komust aðilar ekki að sameiginlegri niðurstöðu hvað þetta varðar. Þessi skoðanaskipti höfðu ekki komið til innlendra dómstóla fyrr en fyrrgreint félag stefndi máli og niðurstaða lá fyrir með dómi héraðsdóms á árinu 2022, í máli E-967/2019. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 15. maí 2024, mál nr. 52/2023, þá var í stuttu máli staðfest að ferðatími telst til vinnutíma og byggði dómstólinn niðurstöðu sína m.a. á áliti EFTA-dómstólsins sem aflað var í héraði.

Fyrir dómi var því haldið fram, í ljósi athugasemda við breytingalög frá 2003 vegna umdeilda ákvæða, að eingöngu gæti „virkur“ vinnutími talist til vinnutíma í skilningi 1. tölul. 52. gr. laga nr. 26/1980. Féllst Hæstiréttur ekki á rök ríkisins, þ.e. að ummæli í lögskýringargögnum gætu haft þau áhrif að lög sem innleiða samhljóða EES-reglu verði skýrð á annan veg en á Evrópska efnahagssvæðinu, enda færi það í bága við 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, sem ætlað er að stuðla að því að sömu reglur gildi á svæðinu. Taldi dómurinn að gera verði ráð fyrir að það verði að leiða beint af lögum ef löggjafinn vill mæla á annan veg en leiðir af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

bókun 5 í kjarasamningi FÍN og ríkisins, dags. 19. desember 2024.

Hugtakið „virkar“ vinnustundir skilgreint þröngt

Í bókun 5 kemur sérstaklega fram að „virkur“ vinnutími sé sá tími þar sem starfsfólk er við störf, þ.e. sá tími sem er ekki á forræði þeirra, en feli ekki í sér aðrar efnislegar breytingar á ákvæðum kjarasamnings en breytingu úr 40 stunda vinnuviku í 36 „virkar“ stundir. Með breytingunni þá teljast m.a. kaffitímar ekki til „virkra“ vinnustunda og nýting slíkra geti haft áhrif á tímalengd viðveru. Sérstaklega kemur fram í bókuninni að þessi innleiðing sé alls ótengd framangreindri niðurstöðu Hæstaréttar, sem ríkið er bundið af, og muni greiða fyrir ferðatíma á vegum vinnuveitanda með sama hætti og annan vinnutíma starfsfólks.

Ætlun bókunarinnar er að henda reiður á þann skilning á hugtakið „virkur“ vinnutími sé sá tími sem starfsfólk er við störf og aðgreina frá væntum mismun tímalengdar á „virkum“ vinnutíma og viðveru s.s. sökum nýtingu kaffitíma. Jafnframt er bókuninni ætlað að taka allan vafa af að ferðatími teljist til þess tíma sem starfsfólk sé við störf, þ.e. „virks“ vinnutíma.

Fréttir

Samninganefndir FÍN hafa staðið í ströngu undanfarnar vikur og misseri en við ramman reip hefur verið við að draga í kjaraviðræðum. Eins og formaður orðaði það í pistli sínum í síðasta fréttabréfi var okkur „hungurlús“ og að samþykkja slíka afarkosti hugnaðist samningafólki illa.

Í ljósi stöðunnar sem upp var komin, viðvarandi samningsleysi og langa bið eftir leiðréttingu á launakjörum, ákvað stjórn félagsins í nóvember síðastliðnum að kanna hug félagsfólks til þess að kjósa um þá samninga sem lágu á borðinu og var rafræn könnun send félagsfólki.

Er skemmst frá því að segja að mikill meirihluti vildi kjósa um samningana, eða um 75%. Þar með var þó aðeins hálfur björninn unninn þar sem rúmum helmingur þeirra sem svaraði taldi líklegt að þau myndu fella samning sem innihéldi sömu hækkanir og samið hafði verið um á almennum markaði.

Þá sögðust 67% svarenda vera reiðbúnir til að leggja niður störf og beita verkfallsvopninu til að fylgja eftir kröfum FÍN. Þegar á hólminn var komið voru samningar við ríkið og sveitarfélög báðir samþykktir nokkuð örugglega af félagsfólki en samningur FÍN við Reykjavíkurborg er í atkvæðagreiðslu þegar þetta er ritað.

Niðurstöður þessarar könnunar eru góð brýning fyrir samninganefndir félagsins að halda viðsemjendum okkar við efnið og fylgja kröfum okkar fast eftir við samningaborðið. Hungurlúsin er komin í hús en betur má ef duga skal.

Aukið samstarf við fagfélög

Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi og fram kemur í pistil formanns hér að ofan hefur félagið hafið vinnu sem miðar að því að efla samstarf félagsins við fagfélög og virkja félagsfólk markvisst í gegnum þessi félög. Er þessi vinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram á síðasta aðalfundi.

Vinna við að koma á talsambandi við fagfélögin hefur gengið ágætlega og hafa nokkrir fundir þegar verið haldnir. Það er ljóst að hagsmunir FÍN og þessara fagfélaga liggja saman á ýmsum sviðum og víða eru tækifæri til nánara samstarfs sem ætti að koma báðum aðilum til góða og efla fagfélögin sjálf og félaga í FÍN um leið.

Við hjá FÍN viljum endilega koma á talsambandi við sem flest fagfélög og ef þú ert í forsvari fyrir fagfélag og hefur áhuga á samstarfi við FÍN mátt þú endilega heyra í okkur. Tengiliður er Siggeir F. Ævarsson, sérfræðingur.

Væntanlegar breytingar á styrkjakerfi Styrktarsjóðs

Stjórn Styrktarsjóðs BHM (STBHM) hefur síðustu misseri verið að vinna í stefnumótun og haldinn var kynningarfundar í fyrri hluta desembermánaðar til upplýsinga fyrir aðildarfélög BHM vegna þess. Er um að ræða framhald af þeirri vinnu sem upplýst var um á fulltrúaráðsfundi síðastliðið vor.

Í framsögu formanns STBHM var lögð áhersla á markmið stjórnar með stefnumótunarvinnunni, þ.e. bæta þjónustu við sjóðfélaga, dreifa gæðum meira og auka yfirsýn með einföldun, fyrirsjáanleika og upplýsingaflæði. Drög að hólfskiptingu voru kynnt sem byggja á skiptingu á fjármunum sjóðsins í þrjú meginhólf; sjúkradagpeninga, fasta styrki og forvarnir og meðferðir.

Komi fyrirhugaðar breytingar til framkvæmda þá felast megináhrifin, gagnvart sjóðfélögum, í því að núverandi styrkflokkar sem myndu falla undir forvarnir og meðferðir ekki lengur vera sjálfstæðir styrkir með afmörkuðu hámarki fyrir hvern styrk heldur geti hver og einn sjóðfélagi ráðstafað tiltekinni fjárhæð eins og þeir kjósa vegna eins eða fleiri styrkja innan hólfins. Ekki kom fram hver sú fjárhæð gæti orðið en ýtt var undir væntingar um að fleiri styrkflokkar kæmu inn þ. á m. vegna gleraugna og tannlæknakostnaðar sem og að hólfid gæti tekið jafnframt til meðferða sem falli ekki undir starfsleyfi útgefið af Embætti landlæknis.

Að mati FÍN er örðugt að segja til um hvernig úthlutunarreglurnar muni líta út ef fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. Búast má við að hinar nýju reglur taki gildi fyrri hluta þessa árs en ekki er hægt að segja til um hvenær það verður að svo stöddu. Vert getur verið að fylgjast með hinum væntanlegu breytingum og mun félagið upplýsa félagsfólk eins fljótt og okkur er auðið.

Athugið að STBHM er styrktarsjóður fyrir þá sem starfa á opinberum markaði. Fyrir þá sem starfa á almennum markaði er Sjúkrasjóður BHM. [Lesu má nánar um sjóðina með því að smella hér.](#)

Tilkynningar

Vísindasjóður FÍN - Úthlutun 5. febrúar

Subscribe

Past Issues

Translate ▼

félagstofk til að sækja namskeið, testa kaup a fagbokum o.p.h. Oll sem greitt er fyrir til sjóðsins eiga rétt á greiðslu úr honum í réttu hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall, styrkur er greiddur sjálfkrafa fullgildum félagsmeðlimum í desember. Ekki er sótt sérstaklega um styrk úr sjóðnum. Næsta greiðsla fer fram **5. febrúar**.

Hægt er að skoða hvort greitt hafi verið í sjóðinn fyrir viðkomandi undir iðgjöld á mínum síðum. Hafi félagi sótt námskeið eða keypt fagbækur er hægt að draga þann kostnað frá styrknum á skattframtali. Sé enginn frádráttur frá styrknum er hann skattskyldur. Félagstofk hjá sveitarfélögum á aðild að Vísindasjóði FÍN og einnig þau sem hafa samið um það í ráðningarsamningi, félagsfólk er hvatt til að hafa samband við skrifstofu félagsins ef það telur sig eiga inneign í sjóðnum.

Mínar síður BHM

Trúnaðarmenn FÍN

Félagi íslenskra náttúrufræðinga er umhugað að bjóða félagsfólki upp á bestu þjónustu sem unnt er veita í hverju tilfelli. Í því felst m.a. að félagsfólk geti leitað upplýsinga um kjara- og réttindamál og fengið ráðgjöf/aðstoð hjá trúnaðarmanni á vinnustað. Félagið leitast við að halda úti öflugum neti trúnaðarmanna. Félagstofk hefur þann valkost að kjósa/velja úr sínum röðum trúnaðarmann/menn.

Félagið hvetur félagsfólk til að nýta sér þennan rétt og býður fram aðstoð og ráðgjöf við kosningu trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn FÍN eru fulltrúar félagsins á hverjum vinnustað.

Ef þú vilt gerast trúnaðarmaður hvetjum við þig til að [kynna þér málið nánar á vef félagsins með því að smella hér](#).

Vinnustaðafundir FÍN

Okkur hjá FÍN er annt um að vera í góðu sambandi við allt félagsfólk og því viljum við gjarnan heimsækja sem flesta vinnustaði okkar félaga. Nú stendur yfir skipulagning á vinnustaðafundum en á þeim er farið yfir stöðu vinnustaðarins, launatölfræði, launavæntingar, stofnanasamninga og önnur mikilvæg atriði. Kappkostað er að sníða hvern fund að þörfum viðkomandi vinnustaðar.

Fundirnir geta verið staðfundir sé þess óskað en fjarfundir hafa gefið góða raun fyrir þetta form og eru þeir oftast betur sóttir. Þá er einnig möguleiki að blanda formunum saman. Áætlað er að fundirnir fari fram í janúar og fram í maí.

Við hvetjum öll þau sem óska eftir vinnustaðafundi að hafa samband á fin@fin.is.

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)**Starfsmenn á skrifstofu**

Marianna H. Helgadóttir,
formaður.

Orri Þrastarson,
verkefnastjóri.

Runólfur Vigfússon,
lögfræðingur.

Siggeir F. Ævarsson,
sérfræðingur.

Símatími:

Mánudaga og miðvikudaga:

Frá kl. 13:00–14:00.

Þriðjudaga og fimmtudaga:

Frá kl. 11:00–12:00.

Lokað á föstudögum

Sími: 595-5175

Netfang: fin@fin.is

Veffang: www.fin.is

Myndirnar tvær úr „náttúru Íslands“ í þessu fréttabréfi eru hvorugar alvöru myndir. Þær eru búnar til af gervigreind Canva með leiðbeiningum frá ritstjóra. Þetta sýnir okkur hversu öflug gervigreindin er orðin en við viljum þó frekar hafa myndir teknar af fólki í okkar útgáfu.

Fréttabréf FÍN kemur að jafnaði út þrisvar á ári, í janúar, mars og desember. Ritstjóri er Siggeir F. Ævarsson, ábyrgðarmaður er Marianna H. Helgadóttir. Ábendingar og athugasemdir má senda á fin@fin.is



[Skoða í vafra](#)

Copyright (C) 2025 FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga. Allur réttur áskilinn.

FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga Borgartún 27 Reykjavík 105 Iceland

Þú færð þennan póst þar sem þú ert félagi í FÍN og á póstlista félagsins.

Viltu breyta þinni skráningu á þessum póstlista?
Þú getur [breytt stillingum](#) eða [afskráð þig af póstlistanum](#)